

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo: Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar og veitir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar.

2. gr.

Ákvæði 4. mgr. 5. gr. fellur brott.

3. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 2. mgr. 7. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

5. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndir“ í 3. mgr. 11. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

6. gr.

Í stað orðanna „og heilbrigðisnefndir skulu“ í 3. mgr. 12. gr. kemur: skal.

7. gr.

2. málsl. 3. mgr. 15. gr. fellur brott.

8. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar“ í 2. mgr. 16. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

9. gr.

Orðin „heilbrigðisnefnda og“ í 2. mgr. 17. gr. falla brott.

10. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026